

## 195. fundur.

Fulltrúaráðsfundur SORPU haldinn í safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli í Garðabæ, miðvikudaginn 8. október 2003 klukkan 13:30.

Eftirtöldum aðilum var boðið að sitja fundinn: Stjórn SORPU, fulltrúaráð SORPU. Stjórnnum og framkvæmdastjórum: Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og Sorpurðun Vesturlands.

Sveitarstjórnarmönnum og sveitarstjórum þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpeyðingastöð Suðurnesja og Sorpurðun Vesturlands. Heilbrigðis- og umhverfisnefndum á svæðinu og framkvæmdastjórum þeirra. Forsvarsmönnum sorphirðu í aðildarsveitarfélögum. Framkvæmdastjórum landshlutasamtaka á svæðinu. Framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í lok fundargerðar er listi yfir þá er sátu fundinn.

Framkvæmdastjóri SORPU Ögmundur Einarsson býður gesti velkomna og gefur fundarstjóra Laufeyju Jóhannsdóttur forseta bæjarstjórnar Garðabæjar orðið.

Fundarstjóri býður fundarmenn velkomna. Fundarstjóri upplýsir að vikið verði frá auglýstri dagskrá þar sem stjórnarformanni SORPU, Sigurrósu Þorgrímsdóttur seinki vegna anna á þingi. Gengið er því til annars liðar í auglýstri dagskrá.

Dagskrá fundar:

1. Fjárhagsleg staða byggðasamlagsins og þjónusta þess við aðildarsveitarfélögin.  
Ögmundur Einarsson, framkvæmdastjóri SORPU flytur erindi.
2. Ný lög og nýjar reglugerðir á sviði úrgangsmála  
Björn H. Halldórsson yfirverkfræðingur þróunar- og tæknideildar SORPU flytur erindi.  
Fyrirspurnir og umræður um erindi Ögmundar og Björns.  
Fyrirspurnir komu frá Birni Inga Sveinssyni borgarverkfræðingi og Hauki Kristjánssyni bæjartæknifræðingi Seltjarnarnesi.  
  
Kaffihlé.
3. Mögulegt samstarf sveitarfélaga í sorpmálum á suðvesturhorni landsins – eiga sveitarfélögin samleið? Kostir og gallar.  
Páll Guðjónsson viðskiptafræðingur kynnir skýrslu sem hann tók saman fyrir Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpurðun Vesturlands og Sorpeyðingu Suðurnesja.

Eftir kynningu Páls tjáðu Guðbrandur Brynjúlfsson stjórnarformaður Sorpurðunar Vesturlands, Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja, Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri í Stykkishólmi og Ellý Guðmundsdóttir forstöðumaður Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur sig um skýrsluna.

Áðurgreind erindi og skýrsla verða aðgengileg á heimasíðu SORPU [www.sorpa.is](http://www.sorpa.is)

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum málefnalegar umræður og komuna í Garðabæ og óskar þeim góðrar heimferðar.

Síðan gaf fundarstjóri formanni stjórnar SORPU, Sigurrósu Þorgrímsdóttur orðið.

Í ávarpi sínu brýndi formaður sveitarstjórnarmenn til að fylgjast vel með undirbúningi reglugerða Evrópusambandsins sem snertu sveitarfélögin og hvatti sveitarstjórnarmenn til aukinnar hagsmunagæslu varðandi lög og reglugerður er snertu starfsemi sveitarfélaganna í landinu.

Formaður lýsti ánægju sinni á jákvæðum undirtektum fulltrúa Sorpurðunar Vesturlands og Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja við skýrslu Páls Guðjónssonar.

Formaður þakkaði frummælendum góð erindi og fundarmönnum málefnalega umræðu.

Fundi slitið klukkan 16:10.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir